

3. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 20. ágúst 2014 kl. 18:00.

Mætt: Guðmundur, Hallur, Hróðný, Viktor og Gissur.

Sveinn mætti ekki.



Dagskrá:

1. Umsókn í Afreks- og styrktarsjóð

Samþykktar umsóknir frá júdódeild vegna keppnisferðar á Norðurlandamót og Budo Nord.

2. Samstarfssamningar

Vísað til aðalstjórnar að vinna málið.

3. Búningamál

Samningur við Errea rennur út 2015. Rætt um nýjan samning og nauðsyn þess að hlutaðeigandi aðili geti skaffað fatnað í félagslitum Umf. Selfoss.

4. Hreyfivikan – Move week

Framkvæmdastjórn telur hreyfivikuna góðan vettvang til að kynna starf Umf. Selfoss.

5. Tölvukaup

Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að fjárfesta í tölvu á skrifstofu.

6. Vörur fyrir stuðningsmenn

Samþykkt að fjármagna fánakaup til að standa undir minjagripasölu Umf. Selfoss.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 17. september kl. 18.00 í Tíbrá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:00.

Gissur ritaði fundargerð.